

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 83/1957. **Ákærvaldið**

gegn

Margréti Ingimarsdóttur

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús
P. Torfason.

Kröfu hrundið um, að héraðsdómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 6. þ. m., sem barst Hæstarétti 10. þ. m., hefur ákærði kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 3. þ. m., en með úrskurði þessum synjaði dómariinn kröfu ákærða um, að hann víki sæti í málinu. Var úrskurðurinn birtur 6. þ. m., og hefur ákærði fengið leyfi Dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 171. gr. laga nr. 27/1951 til kærunnar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. maí 1957.

Ár 1957, föstudaginn 3. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Margréti Ingimarsdóttur.

Í bréfi, dagsettu 24. apríl 1957, hefur skipaður verjandi í máli þessu, Guðmundur Pétursson héraðsdómslögmaður, gert kröfu til þess, að dómariinn í því víki sæti.

Upphaf máls þessa var það, að að kvöldi fimmtudagsins 13. desember 1956 handtók lögreglan ákærða í máli þessu, Margréti Ingimarsdóttur verzlunarstjóra, Laugavegi 40 hér í bæ, á heimili hennar og færði hana á lögreglustöðina. Ástæðan til handtökuunnar var sú, að ákærði var grunuð um að hafa ekið bifreið með áhrifum áfengis þá skömmu áður. Hafði bifreið ákærða verið ekið aftan á aðra bifreið, er stóð kyrr á Frakkastíg. Lögreglunni

hér í bæ hafði verið tilkynnt um þetta, og rétt eftir áreksturinn hefði miðaldra kona, sem eftir göngulagi og látbragði væri með áhrifum áfengis, sézt halda frá bifreiðinni og fara inn á Laugaveg í átt til heimilis ákærða. Er lögreglumenn áttu tal við ákærða á heimili hennar, fannst þeim hún vera mikið undir áhrifum áfengis. Lögreglumennirnir báðu ákærða að koma með þeim á lögreglustöðina til yfirheyrslu, en því neitaði ákærði með þeim ummælum, að hún hefði ekkert gert af sér. Lögreglumennirnir höfðu nú samband símleiðis við Ólaf Jónsson, fulltrúa lögreglustjóra, og tilkynntu honum um þetta, en hann hringdi aftur í dómaraðann í máli þessu og skýrði honum frá málavöxtum, eins og að framan greinir. Spurði hann dómaraðann í máli þessu, hvað hann teldi rétt að gera. Dómaraðinn taldi rétt, að ákærði yrði færð á lögreglustöðina og að ekki þyrfti úrskurð til þess. Var þar með samtali hans og Ólafs lokið, og vissi hann ekki um mál þetta fyrr en daginn eftir.

Guðmundur Pétursson héraðsdómslögmaður hefur byggt framangreinda kröfu sína á eftirfarandi, eins og segir orðrétt í greinargerð hans:

„Hafði ég áður í bréfi til sakadómaraðans í Reykjavík, dags. 24. apríl, látið þess getið, að krafa þessi yrði gerð. Eins og þar er dregið á, byggist krafan á því, að handtaka skjólstæðings míns hafi verið ólögleg og að afskipti dómaraðans af hinni ólöglegu handtöku séu þess eðlis, að þau kunni að hafa áhrif á hann sem dómara skjólstæðingi mínum í óvil, eða m. ö. o. að málið varði hann siðferðislega, þannig að hætta sé á, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu“.

Dómari í máli þessu lítur svo á, að með framangreindum afskiptum sínum af handtöku ákærða hafi hann ekki gert sig óhæfan til að fara með mál þetta, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 27/1951, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Telur hann sig því ekki eiga að víkja sæti í því.

Því úrskurðast:

Dómaraðinn í máli þessu víkur ekki sæti.